



Barnaheill
Save the Children Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 138/1344
komudagur 23.3.2010



Reykjavík 6. apríl 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla, Save the Children, á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

Barnaheill, Save the Children, á Íslandi eru samþykkt framlögðu frumvarpi til breytinga á ofangreindum lögum. Þessar breytingar eru í samræmi við 2. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um jafnræði allra barna án tillits til félagslegrar stöðu eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.

Barnaheill taka jafnframt undir þau sjónarmið, sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu, að meginreglan sé sú að tryggður sé óskoraður réttur barna til samveru við báða foreldra sína, þ.e. þeirra barna sem lagalega eiga tvo foreldra. Og að tryggður sé réttur allra barna til a.m.k. níu mánaða samveru við foreldri á fyrstu 18 mánuðum lífsins. Slikt samræmist ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en í 7. grein er kveðið á um rétt barns til að njóta umönnunar foreldra sinna og í 9. grein er kveðið á um rétt barns til að umgangast báða foreldra sína reglulega, nema það sé andstætt hagsmunum barnsins.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla, Save the Children, á Íslandi

Petrína Asgeirsdóttir
framkvæmdastjóri